



## Reglur um styrki til nema í leikskólaliðanám í Hvalfjarðarsveit

### 1.gr. Gildissvið

Reglur þessar gilda eingöngu um nema í Hvalfjarðarsveit sem leggja stund á leikskólaliðanám og annaðhvort vinna í leikskólanum Skýjaborg í Hvalfjarðarsveit eða hafa áform um það.

### 2.gr. Markmið

Markmið með reglunum er að fjölga leikskólaliðum í leikskólanum Skýjaborg.

### 3.gr. Styrkhæft nám

Reglur þessar gilda um styrk til eftirfarandi náms:

a) **Leikskólaliðanám.**

Nám fyrir leikskólaliða veitir þekkingu og færni til að starfa með börnum í námi og leik. Áhersla er lögð á uppeldisfræði, sálfræði, listsköpun og notkun leikja. Leikskólaliðar starfa við hlið annars fagfólks á leikskólum.

b) **Viðbótanám leikskólaliða.**

Viðbótarnám leikskólaliða gerir nemendur hæfari til að starfa með leikskólakennurum að skipulagningu og framkvæmd kennslu og uppeldis. Náminu lýkur með sérhæfðu, fullgildu stúdentsprófi á uppeldissviði. Inntökuskilyrði eru að hafa lokið leikskólaliðanám.

c) **Leikskólaliði – brú**

Leikskólaliði brú er afbrigði af námsbraut fyrir leikskólaliða og er ætluð fullorðnu fólki sem óskar að fá metna starfsreynslu og óformlegt nám til styttingar á námi á brautinni.

### 4.gr. Styrkþegar og umsóknir

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hvalfjarðarsveit eða vera starfsmaður á leikskólanum Skýjaborg a.m.k. í 50% starfshlutfalli þegar sótt er um styrk. Umsókn um styrk skal berast sveitarstjórn mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknarblaði sem finna má á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gerir leikskólastjóri sérstakan samning við viðkomandi, sem gildir í eitt ár í senn.

### 5.gr. Styrkur

Stuðningur fer eftir einingafjölda styrkþega. Fyrir hverja einingu er greitt 1.500 kr.

#### *6.gr. Styrktími*

Að öllu jöfnu er ekki hægt að njóta stuðnings lengur en sem nemur þeim tíma sem gefinn er upp af viðkomandi skólastofnun sem eðlileg námsframvinda, enda sé árangur með eðlilegum hætti. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna eða vegna þess að viðkomandi er starfandi í leikskólanum Skýjaborg framlengist stuðningurinn. Upplýsingum um námsframvindu hvernar annar skal komið reglulega til leikskólastjóra.

#### *7.gr. Skyldur styrkþega*

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa á leikskólanum Skýjaborg í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur hafi hann verið þar starfsmaður á námstíma en í a.m.k. þrjú ár hafi hann ekki starfað við skólann. Starfshlutfall þarf að vera minnst 75%. Hætti starfsmaður störfum hjá Hvalfjarðarsveit innan áður nefnds tíma eða ljúki hann ekki námi, hefur Hvalfjarðarsveit heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk frá síðasta skólaári nemans.

#### *8.gr. Takmarkanir*

Fjöldi nema sem nýtur stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst af þörf Hvalfjarðarsveitar fyrir faglært starfsfólk í leikskólanum Skýjaborg á hverjum tíma. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Sveitarstjórn getur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi leikskólans beri ekki forföll vegna náms starfsmanna. Njóti nemi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk samkvæmt reglum þessum.

#### *9.gr. Álitamál*

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur sveitarstjóri í umboði sveitarstjórnar veitt frávik frá reglum þessum. Sveitarstjórn úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.

*Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 29.apríl 2016*